

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 199 frá 13. október 2004 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 300-röðin) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 200 frá 15. desember 2004 um starfsemi og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 201 frá 15. desember 2004 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 400-röðin) <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun nr. 199 kemur í stað ákvörðunar framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 154, sem stendur nú í samningnum.
- 6) Ákvörðun nr. 200 kemur í stað ákvörðunar framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 169, sem stendur nú í samningnum.
- 7) Ákvörðun nr. 201 kemur í stað ákvörðunar framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 155, sem stendur nú í samningnum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*l. gr.*

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 3.40 (ákvörðun nr. 154), liðar 3.41 (ákvörðun nr. 155) og liðar 3.50 (ákvörðun nr. 169) falli brott.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 73, 18.3.2005, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 104, 23.4.2005, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 129, 23.5.2005, bls. 1.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 3.74 (ákvörðun nr. 198):

- „3.75. **32005 D 0204**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 199 frá 13. október 2004 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 300-röðin) (Stjtíð. ESB L 73, 18.3.2005, bls. 1).
- 3.76. **32005 D 0324**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 200 frá 15. desember 2004 um starfsemi og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega (Stjtíð. ESB L 104, 23.4.2005, bls. 42).
- 3.77. **32005 D 0376**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 201 frá 15. desember 2004 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 400-röðin) (Stjtíð. ESB L 129, 23.5.2005, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana nr. 199, 200 og 201, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.